

# Fréttabréf Brimvers - Æskukots

Apríl 2016

„Sunnan yfir sæinn breiða  
sumarylín vinar leiða“

Hér við ströndina finnum við vel að vorið er komið. Við höfum upplifað yndislega daga þar sem hægt er að fara út í leik án þess að dúða sig í vetrarfátnað. Gaman er að fylgjast með komu farfuglanna og njóta vorsins við sæinn.



Eins og áður vil ég hvetja foreldra/forráðamenn til að hafa samband við undirritaða ef eitthvað er sem betur má fara í skólastarfinu, einnig ef þið hafið hugmyndir um það sem getur auðgað starf skólans.

Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri

## Mikilvægar dagsetningar í apríl

1. apríl – Blár dagur í tilefni Alþjóðadags einhverfunnar sem er 2. apríl
5. apríl – Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2011
6. apríl – Myndataka sem er á vegum foreldrafélaga skólans
12. apríl - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2012
- 18., 19. og 20. apríl – Vorskóli elstu nemendur leikskólans sem eru fæddir 2010 fara í vorskóla í BES á Stokkseyri
21. apríl – Sumardagurinn fyrsti, **leikskólinn lokaður**
22. apríl – Vor í Árborg, nemendur fæddir 2010 fara í söngferð f.h. og heimsækja Sólvelli á Eyrarbakka, Kumbaravog á Stokkseyri og Ráðhús Árborgar á Selfossi. Í tilefni af Vori í Árborg verða myndir frá nemendum til sýnis á Stað á Eyrarbakka frá nemendum í Brimveri og í Hólmaröst á Stokkseyri frá nemendum í Æskukoti

22. apríl – Dagur jarðar – Grænfáninn afhentur Brimveri/Æskukoti kl. 14:00 í BES á Stokkseyri.

Nemendur í umhverfisnefnd skólans (fæddir 2010) taka á móti fánanum, fara svo í Brimver og Æskukot, flagga og fá hressingu í tilefni dagsins. Foreldrar, afar og ömmur og aðrir sem áhuga hafa á verkefninu eru velkomnir á athöfnina ☺☺☺

### Efnisyfirlit

Mikilvægar dagsetningar í apríl	1
Mikilvægar dagsetningar í maí	2
Páskaeggjaleit	2
Foreldraviðtöl	2
Skóli á grænni grein - Grænfáninn	3
Umhverfissáttmáli	3
Námsferð starfsmanna á Education Show í Birmingham	4
Það er gott að lesa	5
Starfsmenn	5
Starfsdagar og sumarfrí	5
7. fundur umhverfisnefndar	6

26. apríl - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2011

27. apríl – Starfsdagur – Skóladagur Árborgar, **leikskólinn lokaður**

## Mikilvægar dagsetningar í maí

3. maí - Nemendur fæddir 2010 fara í skólavist og bókasafnið í BES

5. maí – Uppstigningardagur, **leikskólinn lokaður**

10. maí - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2012

12. maí – Hjóladagur

16. maí – Annar í hvítasunnu, **leikskólinn lokaður**

17. maí - Bókasafnsferð í BES, nemendur fæddir 2010

18. maí – Útskrift í Æskukoti

19. maí – Útskrift í Brimveri

25. maí – Útskriftarferð

30. maí – 3. júní – Barnabær, elstu nemendur börn, f. 2010, verða í BES með kennurum sínum

## Páskaeggjaleit

Það voru óvenjumikil veikindi í nemendahópnum í mars. Vegna veikinda var ákveðið að fresta páskaeggjaleit sem átti að vera 16. mars í boði foreldrafélaga leikskólans til 22. mars. Þeir sem höfðu heilsu til mættu í leitina og skemmtu sér vel. Við þökkum foreldafélögum leikskólans kærlega fyrir páskaeggjafjörið ☺

## Foreldraviðtöl

Skráningar í Heilsubók barnsins eru gerðar í mars/apríl og verða foreldraviðtöl tekin í kjölfar skráningar þar sem foreldrar hitta deildarstjóra og hópstjóra. Deildarstjórar boða foreldra í viðtal.

Upplýsingar um þroska og færni hvers barns eru skráðar niður tvisvar á ári, að vori og hausti í Heilsubók barnsins. Þar er þá að finna heildarsýn á stöðu þess út frá þroskaþáttum. Farið er yfir niðurstöðurnar í foreldraviðtölum. Heilsubók barnsins er ákveðinn leiðarvísir þar sem barnið á að vera í brennidepli í skólastarfi og stuðlar að því að unnið sé í anda heilsustefnunnar.

## Skóli á grænni grein - Grænfáninn

Það er ánægjulegt að segja frá því að skólinn hefur náð því markmiði að fá að flagga Grænfánum í fyrsta sinn á báðum starfsstöðvum, í Brimveri í fyrsta sinn og í þriðja sinn í Æskukoti. Þetta er mikilvægt skref í sameiningu, samstarfi, samvinnu og ákveðinn árangur í skólastarfi í Brimveri/Æskukoti. Við innleiðingu var lögð áhersla á þemað lýðheilsa sem fellur vel að heilsustefnunni. Báðar starfsstöðvar náðu því markmiði 10.10.2010 að að flagga heilsufánum og höfðu þá uppfyllt þau markmið sem þarf til að vera heilsuleikskóli. Föstudaginn 22. Mars n.k. á Degi jarðar verður Grænfáninn afhentur til marks um það að ákveðnum viðmiðum og markmiðum er náð á báðum starfsstöðvum og því ber að fagna.

Vinna að innleiðingu Grænfána hefur verið skemmtileg og gefandi. Lögð hefur verið áhersla á að tengja þá vinnu við heilsustefnuna, annað nám og verkefni sem unnin eru í skólanum. Það er mikilvægt að sjá þetta sem eina heild þannig að verkefni tengist og styrki hvert annað. Við erum þakklát fyrir það góða samstarf sem við höfum átt við foreldra, starfsfólk í BES og alla sem hafa stutt við verkefnið og sýnt því áhuga og stuðning. Við höfum náð því markmiði að fá að flagga Grænfánum og erum þá búin að fara einn hring í þeirri starfendarannsókn sem við erum í. Nú höldum við áfram, gleðjumst, metum stöðuna og setjum stefnuna á ný markmið og leiðir. Afhending Grænfánans verður við hátíðlega athöfn á Degi jarðar föstudaginn 22. apríl kl. 14:00 í BES á Stokkseyri.

Á heimasíðu leikskólans er [greinagerð](#) með umsókn að Grænfána og [umsögn](#) Landverndar. Umhverfissáttmáli Brimvers – Æskukots var uppfærður með umhverfisnefnd skólans.

### Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmáli heilsuleikskólans Brimvers - Æskukots hefur það að markmiði að börn og starfsfólk læri að vernda og bera virðingu fyrir heilsu sinni, náttúrunni og umhverfi. Með umhverfismennt viljum við hugsa vel um heilsu okkar, náttúru og umhverfi, ganga vel um leikskólann, fara vel með efnivið, nýta það sem við getum og skila öðru í endurvinnslu. Við viljum læra um heilsu og heilbrigði, náttúru og umhverfi og hafa jákvæð áhrif á aðra. Á þennan hátt getum við haft jákvæð áhrif á að þeir sem á eftir okkur koma, njóti þess í leik og starfi sem jörðin hefur upp á að bjóða og stuðlað að heilbrigði og vellíðan. Við erum minnug þess að „Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar við höfum hana að láni frá börnum okkar“.

Stefnan hér í Brimveri/Æskukoti  
er sem segir hér.  
Göngum vel um náttúruna  
virðum bæði tré og runna  
svo dýr og börn á jörðinni geti lengi leikið sér.  
Texti: Ásgerður Tinna Jónsdóttir. Lag: Gamli Nói

## Námsferð starfsmanna á Education Show í Birmingham

Fimmtudaginn 17. mars kl. 03:00 var lagt af stað í langþráða námsferð á Education Show í Birmingham. Það voru 17 starfsmenn leikskólans sem fóru í þessa ferð. Þrír starfsmenn voru ekki skráðir í ferðina einn, þeirra var á námskeiði hér heima og hinir í leyfi.

Undirbúningur ferðar hófst í ágúst 2015 með því að fá samþykka skipulagsdaga hjá foreldraráði og fræðslunefnd á skóladagatali 2015-2016 og bóka ferðina hjá ferðaskrifstofunni Fararsniði. Síðustu daga fyrir ferðina voru mikil veikindi og margar pestir í gangi í leikskólanum. Það var því ákveðið spennufall þegar allir sem skráðir voru í ferðina voru mættir hressir og kátir í rútuna og ferðalagði hafið. Allir þátttakendur voru með verkefni þar sem þeir áttu að leita svara og koma á framæri því sem vakti áhuga þeirra og gæti nýst í skólastarfið hjá okkur.

Við fórum beint af flugvelli á sýningarsvæðið sem var stórt og þar var margt áhugavert að sjá og heyra sem tengist skólastarfi. Við dreifðum okkur um svæðið í litlum hópum og hver og einn fékk tækifæri til að skoða það sem vakti athygli og áhuga. Í lok dags var sest niður og haldinn starfsmannafundur þar sem við töluðum um það sem hafði fangað athygli okkar. Föstudaginn 18. mars fórum við aftur á sýningarsvæðið og funduðum í lok dags.

Námsgagnasýningin Education Show var góð og fjölbreytt. Við sáum ýmislegt sem okkur langar að hafa í skólastarfinu hjá okkur. Þar var líka margt sem við höfum unnið með þó svo að við séum ekki með aðkeypt námsgögn eins og við sáum á sýningunni heldur heimagerð. Við skoðuðum námsgögn sem gaman væri að hafa með nemendum og tengjast vel vinnu okkar við innleiðinu Grænfána, þar sem unnið var með lýðheilsu. Námsgögnin sem við skoðuðum komu líka inn á heilbrigði og velferð, læsi, sjálfbærni og sköpun. Þarna var margt sem hægt er að nota þegar unnið er með líkamann, tilfinningar, stærðfræði, læsi, sköpun, útileiksvæði, húsgögn, aðbúnað, öryggi, fínhreyfingar, grófhreyfingar, ávaxtabar, spil, skynjun og ýmsar tækninýjungar sem tengjast skólastarfi. Þarna var líka flottur skólabíll og fengum við þá góðu hugmynd að gott væri að hafa skólabíl (10 manna) fyrir Brimver – Æskukot til að fara með nemendum og kennara á milli starfsstöðva og tengja árganga skólans betur saman ☺

Við vorum ánægðar með þessa ferð og komum heim með margar hugmyndir og sáum líka marga möguleika hjá okkur til að nýta það sem við eigum og höfum verið að gera. Það má ekki gleyma því mikilvæga hlutverki sem ferð eins og þessi gefur starfsmannahópnum. Ferðin og undirbúningur fyrir hana hefur þjappað starfsmannahópnum saman og gefið okkur góðar minningar sem margar hverjar vekja upp mikinn hlátur og gleði. Við vorum sammála um að námsferð eins og þessi væri mikilvæg fyrir skólastarfið og starfsgleði. Vonumst við til að starfsfólk Brimvers/Æskukots eigi eftir að fara í margar slíkar í framtíðinni.

Við viljum þakka foreldrum, foreldraráði og fræðslunefnd fyrir að styðja það að þessi ferð gat orðið að veruleika. Kærar þakkir fyrir okkur ☺

Sótt var um hópstyrk vegna námsferðar til KÍ (FL), Samflots (Foss) og Sveitamenntar (Báran). Þrír starfsdagar á skólaárinu 2015-2016 voru nýttir í þessa ferð, ekki var um auka starfsdaga að ræða vegna hennar.

Hér má sjá heimasíðu sýningarinnar <http://www.education-show.com/>

## Það er gott að lesa

Á [heimasíðu Árborgar](#) er texti sem var saminn í tengslum við þjóðarsáttmála um læsi við lag og texta eftir Bubba Morthens. Þarna er textinn kominn inn sem frétt með mynd af Ingó og nokkrum börnum í Árborg sem var tekin á Stokkseyri í haust þar er [linkur](#) á myndband með flutningi lagsins.

## Starfsmenn

Nýr starfsmaður, Sædís Sif Harðardóttir, hefur verið ráðin í leikskólann og verður hún á Merkisteini í Brimveri á vorönn. Sædís Sif er með BA - próf í tómstunda og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands. Við bjóðum Sædís Sif velkomna til okkar ☺

## Starfsdagar og sumarfrí

- ✓ 27. apríl 2016, leikskólinn lokaður – Starfsdagur.
- ✓ Sumarfrí leikskólans 2016 er frá og með 30. júní til og með 3. ágúst.

## 7. fundur umhverfisnefndar

29.mars 2016

7.fundur haldinn í bókasafni BES

Mætt voru: Anton Marel, Stefanía Vala, Þórdís Katla, Emilía Dís, Almar Elí, Angelika Helena, Daníel Örn, Hannes Breki, Krístrún Birta, Gabríel Þór og Þorsteinn Jón og kennarar voru Hjördís Heiða og Kolfinna Rún.

Við ræddum grænfánaverkefnið og úttekt Landverndar á verkefninu okkar. Þar kemur fram að við fáum Grænfánann afhentan fyrir Brimver/Æskukot af því að við erum svo dugleg að vinna með lýðheilsu og að flokka og endurvinnna.

Við ræddum líka um Dag jarðar sem er 22. apríl og að við ættum bara eina jörð sem við verðum að hugsa vel um alla daga.

Eftir nokkrar umræður lærðum við svo nýtt lag sem heitir : *Við erum dropar* og er einmitt um jörðina og að allir eiga að vera saman i að hugsa um hana.

### Við erum dropar

Við erum dropar x2

Í einu hafi. x2

Við erum laufblöð x2

á sama trénu. x2

Tengjumst böndum. x2

Myndum einingu allra á jörð stefnum,  
að því saman, þú og ég

Allar þjóðir x2

sama þjóðin. x2

Mannkynið x2

er ein heild. x2

Tengjumst böndum. x2

Myndum einingu allra á jörð,  
stefnum að því saman, þú og ég.

Ákveðið var að syngja þetta lag þegar við tökum við Grænfánanum okkar ☺

Við þökkum líka Hafdís á bókasafninu fyrir alla hennar hjálp og hvað hún er bún að vera elskuleg við okkur ☺

Fundi slitið. Næsti fundur umhverfisnefndar verður 3. maí.

„Við reynnum að kenna börnum okkar allt um lífið  
en þau kenna okkur um hvað lífið snýst“

Angela S.